

Skilmálar



Ráðstöfun úrvinnslugjalda

ÚRVS – 01-2023

I. KAFLI

Almennt

1. gr.

Gildissvið og markmið.

Skilmálar þessir gilda um réttindi og skyldur samningsaðila, þ. á m. um ráðstöfun tekna Úrvinnslusjóðs af úrvinnslugjaldi samkvæmt ákvæðum laga nr. 162/2002, um úrvinnslugjald. Skilmálarnir og undirrituð umsókn eru órjúfanlegur hluti samninga Úrvinnslusjóðs við þjónustuaðila og teljast þeir hluti allra slíkra samninga. Þær breytingar sem gerðar verða á skilmálunum í ljósi breytinga á lögum og stjórnvaldsfyrirmælum teljast jafnframt hluti samninganna á hverjum tíma.

Markmið skilmálanna er að gera Úrvinnslusjóði fært að ganga úr skugga um að meðferð þjónustuaðila á úrgangi samræmist ákvæðum laga og stjórnvaldsfyrirmæla og að treysta getu sjóðsins til að ná á landsvísu lögfestum og tölulegum markmiðum um söfnun, undirbúning undir endurnotkun, endurvinnslu og aðra endurnýtingu og lágmörkun urðunar.

Úrvinnslusjóði ber að stuðla að hringrásarhagkerfi með vörur og þjónustu til að stuðla að sjálfbærri auðlindanýtingu, draga úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu hans. Í starfsemi sjóðsins er hagrænum hvötum beitt til koma upp skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem er til kominn vegna vara sem bera úrvinnslugjald og falla undir gildissvið ákvæða II. kafla laga nr. 162/2002 með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi. Í starfsemi sinni ber sjóðnum að leggja til grundvallar forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem og markmiðsákvæði 1. gr. laga nr. 162/2002. Úrvinnslusjóði ber að tryggja að fullnægjandi gögn varðandi ráðstöfun úrgangs liggi fyrir áður en greiðslur eru inntar af hendi til þjónustuaðila.

Skilmálunum er jafnframt ætlað að tryggja jafnræði, hlutlægni og gagnsæi við ráðstöfun úrvinnslugjalda og að setja fram þau skilyrði sem þjónustuaðilar þurfa að uppfylla til að geta hlotið greiðslur frá Úrvinnslusjóði.

Um skilgreiningu hugtaka í skilmálum þessum vísast til laga nr. 162/2002 um úrvinnslugjald og laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Verði ósamræmi á milli skilmála þessara og framangreindra laga skulu ákvæði laganna gilda.

II. KAFLI

Þjónustuaðilar

2. gr.

Skilyrði

Til þjónustuaðila telst sá aðili sem tekst á hendur réttindi og skyldur samkvæmt samningi við Úrvinnslusjóð að því er varðar verk eða þjónustu sem fellur að lögbundnum skyldum Úrvinnslusjóðs skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 162/2002. Þjónustuaðili sem annast úrvinnslu úrgangs skv. 4. gr. laga nr. 162/2002 er ekki framleiðandi úrgangs en er handhafi hans og skal hann í starfsemi sinni stefna að því að úrvinnslan samræmist forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs skv. b.– e.-liðum 7. gr. laga nr. 55/2003.

Úrvinnslusjóður tekur ákvörðun um hvort gengið skuli frá skriflegum samningi um úrvinnslu úrgangs og eftir atvikum um uppsögn samnings þá á grundvelli skilmála þessara og/eða ákvæða gildandi laga og stjórnvaldsfyrirmæla á hverjum tíma.

Sá einn getur gert samning við Úrvinnslusjóð, og þar með tekist á hendur réttindi og skyldur sem þjónustuaðili samkvæmt skilmálum þessum, sem uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

1. Hann er handhafi gilds starfsleyfis til meðhöndlunar úrgangs.
2. Hann telst ekki gegna hlutverki ráðstöfunaraðila.
3. Hann eða fyrirsvarsmaður hans hafi ekki gerst sekur um brot sem fellur undir 1. mgr. 68. gr. laga nr. 120/2016, um opinber innkaup.

Nú uppfyllir þjónustuaðili ekki lengur skilyrði skilmála þessara og getur þá Úrvinnslusjóður sagt upp samningi um úrvinnslu og/eða sett þjónustuaðila sérstök og málefnaleg viðbótarskilyrði.

Ákvarðanir Úrvinnslusjóðs um gerð eða uppsögn samnings um úrvinnslu á grundvelli skilmála þessara skulu byggðar á málefnalegum og hlutlægum forsendum, auk þess sem jafnræðis skal gætt.

3. gr.

Umsókn

Umsækjendur skulu fylla út þar til gert umsóknareyðublað sem hægt er að nálgast á vefsíðu Úrvinnslusjóðs. Umsókn telst aðeins gild sé hún rétt útfyllt í samræmi við leiðbeiningar á umsóknareyðublaðinu og meðfylgjandi séu umbeðin fylgigögn sem staðfesta að umsækjandi uppfylli framsett skilyrði.

Úrvinnslusjóður getur á hverjum tíma óskað eftir frekari gögnum og staðfestingum frá umsækjendum sem sjóðurinn telur nauðsynleg, m.a. til að fá staðfestingu á því að umsækjandi uppfylli skilyrði skilmála þessara. Afgreiðsla umsókna tekur að jafnaði 15 virka daga frá dagsetningu fullgildrar umsóknar. Þegar Úrvinnslusjóður hefur lokið mati á umsókn tilkynnir sjóðurinn umsækjanda skriflega um afgreiðslu á umsóknum. Sé umsókn samþykkt er gengið frá skriflegum samningi við umsækjanda.

III. KAFLI

Úrvinnsla

4. gr.

Úrvinnsla

Undir úrvinnslu samkvæmt skilmálum þessum fellur sérstök söfnun, meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöð, flutningur hans frá söfnunarstöð til móttökustöðvar eða endurnýtingarstöðvar.

5. gr.

Ábyrgð

Þjónustuaðili ber ábyrgð á að öll úrvinnsla á grundvelli skilmála þessara samræmist ákvæðum gildandi laga og reglna eins og þær eru hverju sinni. Úrgangur sem er á athafnasvæði þjónustuaðila eða í umsjá hans er á ábyrgð þjónustuaðila. Þjónustuaðili skal ganga úr skugga um

að úrgangi sé ráðstafað til viðurkennds ráðstöfunaraðila. Þjónustuaðila ber að kanna það hvort framsalshafi sé með samning við Úrvinnslusjóð á grundvelli skilmála þessara.

6. gr.
Vigtun

Magnskráningar í skilagrein hjá þjónustuaðila og staðfestingar ráðstöfunaraðila á mótteknu magni skulu byggðar á vigtun á löggildum vogum hjá þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila eða öðrum löggildum vogum s.s. hafnarvogum.

7. gr.
Sérstök söfnun

Þjónustuaðili skal tryggja að við affermingu á starfsstöð sé lagt mat á flokkun þess úrgangs sem safnað er með sérstakri söfnun samkvæmt leiðbeiningum Úrvinnslusjóðs sem eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins. Mat þjónustuaðila, eða framsalhafa ef við á, á flokkun samkvæmt ákvæði þessu skulu koma fram í skilagrein þjónustuaðila.

Þjónustuaðili skal skila skilagrein um sérstaka söfnun til Úrvinnslusjóðs eigi síðar en 12. dag hvers mánaðar fyrir næstliðinn mánuð.

IV. KAFLI
Ráðstöfun úrvinnslugjalda

8. gr.
Greiðslur

Úrvinnslugjöldum er ráðstafað með eftirfarandi greiðslum:

Endurgjald vegna ráðstöfunar

Um er að ræða greiðslur til þjónustuaðila sem er ætlað að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs og stuðla að skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs með hliðsjón af umhverfislegum ávinningi og leggja til grundvallar forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs.

Flutningsjöfnun

Um er að ræða greiðslur til þjónustuaðila sem er ætlað að jafna kostnað við söfnun úrgangs á landsbyggðinni og standa undir kostnaði við nauðsynlegan flutning innanlands.

Endurgjald vegna sérstakrar söfnunar

Um er að ræða greiðslur til sveitarfélaga sem er ætlað að standa undir kostnaði við sérstaka söfnun úrgangs.

9. gr.
Gjaldskrá

Greiðslur samkvæmt skilmálum þessum taka mið af gjaldskrá Úrvinnslusjóðs eins og hún er á hverjum tíma. Stjórn Úrvinnslusjóðs samþykkir breytingar á gjaldskrá sem er birt á vefsíðu sjóðsins. Úrvinnslusjóður skilgreinir ráðstöfunarleiðir innan vörflokks sem þjónustuaðilar fá greitt endurgjald fyrir samkvæmt gjaldskrá.

Úrvinnslusjóður áskilur sér rétt til að breyta gjaldskrá og munu breytingar á gjaldskrá Úrvinnslusjóðs verða tilkynntar með sannanlegum hætti, t.d. með tölvupósti. Að jafnaði taka

breytingar gildi frá og með 1. degi næsta mánaðar eftir að stjórn hefur samþykkt þær. Tekið er mið af dagsetningu sendingar eða staðfestingu ráðstöfunaraðila.

10. gr.

Skilagreinaform Úrvinnslusjóðs

Þjónustuaðilar skulu gera grein fyrir söfnun og ráðstöfun úrgangs í sérstakri skilagrein. Þjónustuaðilar skulu sækja nýtt skilagreinaform á vefsíðu Úrvinnslusjóðs í hvert sinn sem skilagrein er fyllt út og skilað til Úrvinnslusjóðs til samþykktar.

11. gr.

Greiðslufyrirkomulag og gjaldfrestur

Með reikningum þjónustuaðila skulu fylgja skilagreinar sem hafa verið samþykktar af Úrvinnslusjóði og rétt útfylltar ráðstöfunarkvittanir og önnur viðeigandi gögn eftir því sem við á hverju sinni.

Greitt er til sveitarfélaga fyrir sérstaka söfnun við heimili og grenndargáma á þriggja mánaða fresti, í samræmi við samþykktar skilagreinar. Að öðru leyti skulu almennu viðskiptaskilmálar ríkisins, eins og þeir eru á hverjum tíma, gilda um greiðslur samkvæmt skilmálum þessum.

V. KAFLI

Önnur ákvæði

12. gr.

Eftirlit

Eftirlit með úrvinnslu samkvæmt skilmálum þessum er í höndum Úrvinnslusjóðs. Eftirlit Úrvinnslusjóðs nær yfir uppgjör, vigtun og alla aðra úrvinnslu samkvæmt skilmálum þessum. Eftirlitsmenn Úrvinnslusjóðs skulu hafa ótakmarkaðan aðgang að vinnuvæðum og starfsstöðvum þar sem úrvinnsla samkvæmt skilmálum þessum fer fram. Eftirlit getur falist í úrtakskönnun til að sannreyna rétta flokkun t.d. úr sérstakri söfnun.

13. gr.

Tengiliðir

Þjónustuaðilar skulu afhenda Úrvinnslusjóði lista yfir eftirtalda aðila:

1. Tengilið sem Úrvinnslusjóður getur haft samband við vegna atriða sem varða framkvæmd verkþátta við úrvinnslu úrgangs.
2. Tengilið sem Úrvinnslusjóður getur haft samband við komi upp vandamál tengd skil á skilagreinum, reikningum og nauðsynlegum fylgigögnum.

Þjónustuaðilar bera ábyrgð á að framangreindir listar séu ávallt réttir og uppfærðir í samræmi við starfsskyldur starfsmanna hans hverju sinni.

14. gr.

Framsal

Þjónustuaðili sem hefur úrgang í sinni vörslu hefur heimild til að framselja hann til annars þjónustuaðila sem er með samning við Úrvinnslusjóð. Þjónustuaðili [Framsalsgjafi] skal við

framsal gera grein fyrir söfnun og framsali í skilagrein til Úrvinnslusjóðs til að öðlast rétt á greiðslu flutningsjöfnunar skv. gjaldskrá Úrvinnslusjóðs á grundvelli skilmála þessara.

Þjónustuaðilinn [Framsalshafinn] sem tekur við vörslu úrgangsins skal einnig gera grein fyrir móttæknu framseldu efni í skilagrein til Úrvinnslusjóðs til að öðlast rétt á endurgjaldi fyrir ráðstöfun. Í tilfalli sérstakrar söfnunar skal framsalshafinn leggja mat á flokkun framselds úrgangs og miðlar þeim upplýsingum til framsalsgjafa sem setur þær í söfnunarskilagrein.

15. gr.

Upplýsingagjöf.

Aðilar sem eiga rétt á greiðslum samkvæmt skilmálum þessum og/eða sjá um úrvinnslu á grundvelli skilmála þessara skulu leggja fram öll þau gögn sem Úrvinnslusjóður telur nauðsynleg, á því formi sem sjóðurinn ákveður, til þess að ganga úr skugga um að viðkomandi aðili virði lög, reglur og skilmála þessa.

Úrvinnslusjóði er heimilt að birta opinberlega sundurliðaðar upplýsingar um ráðstöfun úrvinnslugjalda.

Þjónustuaðilar skulu tafarlaust tilkynna Úrvinnslusjóði öll mikilsverð atvik/bresti í tengslum við úrvinnslu úrgangs samkvæmt skilmálum þessum og/eða brot gegn ákvæðum gildandi laga og reglna er varða meðhöndlun úrgangs. Þjónustuaðilar skulu tilkynna slíkt óháð því hvort atvik/brestur tengist starfsemi þjónustuaðila eða þriðja aðila.

Uppfylli þjónustuaðili ekki lengur skilyrði skilmála þessara ber honum þegar í stað að tilkynna það Úrvinnslusjóði.

16. gr.

Vanefndir og uppsögn

Samningsaðilum er heimilt að segja upp samningum á grundvelli skilmála þessara með 60 daga fyrirvara.

Vanefni þjónustuaðili skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem vísa til skilmála þessara er Úrvinnslusjóði heimilt að, halda eftir greiðslum, fella niður greiðslur, krefjast endurgreiðslu á ráðstöfun úrvinnslugjalds eða beita öðrum viðeigandi vanefndarráðum.

Séu vanefndir þjónustuaðila verulegar eða ítrekaðar er Úrvinnslusjóði heimilt að beita sömu vanefndaúrræðum en jafnframt er sjóðnum heimilt að segja upp samningi við þjónustuaðila með 15 daga fyrirvara. Auk þess er sjóðnum heimilt að segja upp samningi við þjónustuaðila fyrirvaralaust ef hann leitar nauðasamninga, greiðslustöðvunar, er úrskurðaður gjaldþrota eða gert er hjá honum árangurslaust fjárnám.

Uppsögn skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti.

Við uppsögn samnings skal þjónustuaðili tafarlaust og þá aldrei síðar en innan uppsagnarfrests ráðstafa öllum úrgangi sem er á athafnasvæði þjónustuaðila eða í umsjá hans.

Úrvinnslusjóði er heimilt að beita sömu vanefndarúrræðum og jafnframt er sjóðnum heimilt að segja upp samningi við þjónustuaðila með 15 daga fyrirvara hafi þjónustuaðili á síðustu tveimur árum gerst sekur um eftirfarandi brot gegn ákvæðum laga eða stjórnvaldsfyrirmæla hvort sem málinu hefur verið lokið með sakfellingu fyrir dómi, annarri ákvörðun um sekt, beitingu stjórnvaldssektar eða á grundvelli sáttar:

- a. Brot sem hefur varðað refsingu skv. 1. eða 2. tölul. 179. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.
- b. Brot sem varðað hefur refsingu skv. 262. gr. almennra hegningarlaga.
- c. Brot sem varðar ákvæði 172. eða 173. gr. tollalaga, nr. 88/2005.
- d. Brot sem varðar ákvæði 67. eða 71. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 og varða starfsleyfissviptingu.
- e. Brot sem varðar ákvæði 1. og 5.–12. tölul. 1. mgr. 67. gr. a., eftir atvikum sbr. 67. gr. d., eða 68. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 og varða starfsleyfissviptingu.

Ákvæði 6. mgr. eiga við hvort sem sá sem æskir þess að verða þjónustuaðili hefur sætt refsíábyrgð í skilningi ákvæða II. kafla A. laga nr. 19/1940 eða sem einstaklingur. Þá ná ákvæði 6. mgr. jafnframt til tilvika þegar einstaklingur er í framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn viðkomandi aðila eða hefur að öðru leyti heimild til fyrirsvars eða yfirráða yfir aðilanum telst hafa framið brot samkvæmt framangreindri málsgrein.

17. gr.

Kjör starfsmanna

Aðili sem á rétt á greiðslum samkvæmt skilmálum þessum skal tryggja og bera ábyrgð á að allir starfsmenn, hvort sem um ræðir starfsfólk hans, undirverktakar eða starfsmannaleiga, fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni.

18. gr.

Lög og varnarþing

Um skilmála þessa og samninga á grundvelli þeirra gilda íslensk lög. Rísi mál vegna samnings á grundvelli skilmála þessara skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

19. gr.

Gildistaka

Skilmálar þessir taka gildi 1. apríl 2023 og frá sama tíma falla úr gildi eftirfarandi skilmálar:

1. Endurnýting heyrúlluplasts, skilmálar fyrir þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila, frá árinu 2004,
2. Endurnýting umbúða úr plastfilmu, stífu plasti, frauðplasti og öðru plasti, skilmálar fyrir þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila, frá árinu 2006,
3. Endurnýting umbúða úr bylgjupappa, sléttum pappa og pappír, skilmálar fyrir þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila, frá árinu 2006,
4. Endurnýting hjólbarða, frá árinu 2006,
5. Ráðstöfun spilliefna, frá árinu 2010,
6. Úrvinnsla raf- og rafeindatækja, frá árinu 2014 og

7. Úrvinnsla ökutækja frá árinu 2015.

Úrvinnslusjóður áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum og munu breytingarnar verða tilkynntar þjónustuaðilum með a.m.k. 30 daga fyrirvara í tölvupósti. Skilmálar þessir og breytingar á þeim eru birtar á vefsíðu sjóðsins www.urvinnslusjodur.is

Ákvæði til bráðabirgða.

Samningar Úrvinnslusjóðs við þjónustuaðila sem gerðir voru á grundvelli eldri skilmála skulu endurnýjaðir innan 90 daga frá gildistöku skilmála þessara.

Reykjavík, 10. mars 2023.

Stjórn Úrvinnslusjóðs.